

**VIÐURKENNING FJÁRMÁLARÁÐHERRA  
RÍKISSTOFNUN TIL FYRIRMYNDAR ÁRIÐ 2008**

**Vinsamlegast svarið eftirfarandi spurningum með viðeigandi rökstuðningi og tölulegum upplýsingum.**

**Stefnumörkun**

1. Liggur meginstefna stofnunarinnar fyrir, þ.e. (a) hlutverk (lögbundið og að öðru leyti), (b) stefna og (c) framtíðarsýn stofnunarinnar?
2. Er stefnumörkun útfærð í áætlunum með skýrum markmiðum?
3. Er stefnumörkun og markmiðum miðlað skýrt og markvisst til starfsfólks?
4. Eru starfsmenn upplýstir um frammistöðu stofnunarinnar með tilliti til settra markmiða með reglulegum hætti?

**Fjármálastjórn**

5. Hefur stofnunin (a) fylgt fjárlögum og (b) hefur rekstrarniðurstaða verið innan ramma fjárheimilda?
6. Eru (a) gerðar rekstraráætlanir fyrir hvert ár sem byggjast á því að ná faglegum markmiðum innan ramma fjárheimilda og (b) þær notaðar sem virk stjórnæki í rekstrinum innan ársins?
7. Beitir stofnunin kostnaðargreiningu með markvissum hætti þannig að kostnaður við einstök verkefni eða þjónustu er þekktur og er þjónustan leyst með sem hagkvæmustum hætti (innan stofnunar eða með útvistun verkefna)?
8. Hefur framleiðni stofnunarinnar (þ.e. hverju stofnunin annar fyrir sama kostnað) farið vaxandi eða minnkað á síðustu árum?

**Notendur**

9. Leggur stofnunin áherslu á mæta þörfum notenda þjónustunnar og einfalda samskipti milli þeirra og stofnunarinnar t.d. með rafrænni þjónustu?
10. Hefur hún nýlega framkvæmt athugun á þörfum og væntingum notenda sem nýtt er til að aðlaga og bæta þjónustu?

**Vinnuferlar / verkferlar**

11. Liggur fyrir skrifleg lýsing á mikilvægustu ferlum innan stofnunarinnar, t.d. í gæðahandbók?
12. Hefur nýlega verið unnið að endurbótum á mikilvægustu ferlum stofnunarinnar í þeim tilgangi að bæta árangur?

**Starfsmenn - þróun og lærdómur**

13. Er unnið skipulega að því bæta reksturinn til að ná betri árangri í framtíðinni m.t.t. stefnumörkunar?
14. Er unnið meðvitað að þróun nýjunga í rekstrinum til að (a) bæta þjónustu og/eða (b) auka hagræði í rekstri?
15. Er rekin virk starfsmannastefna sem leggur m.a. áherslu á (a)frammistöðustjórnun (þ.e. hvort starfsmönnum sé umbunað fyrir það sem vel er gert og tekið á því þegar starfsmaður stendur sig ekki sem skyldi?), (b) þýðingu starfsmanna í rekstrinum (c) fræðslu þeirra, (d) ánægju þeirra í starfi, möguleika til að (e) bæta árangur sinn og vaxa í starfi og (f) sveigjanlegt starfsumhverfi þar sem ríkir jafnvægi milli vinnu og einkalífs?